

AUGLÝSING

um niðurfellingu samnings um samræmismat og samþykki iðnaðarvara milli Ungverjalands og Íslands, Liechtenstein og Noregs.

Hinn 1. maí 2004 féll niður samningur um samræmismat og samþykki iðnaðarvara milli lýðveldisins Ungverjalands og lýðveldisins Íslands, furstadæmisins Liechtenstein og konungsríkisins Noregs sem gerður var í Brussel 13. mars 2003, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 34/2003 þar sem samningurinn er birtur.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

AUGLÝSING

um uppsögn samnings milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Póllands.

Með orðsendingu 31. október 2003 var sænska utanríkisráðuneytinu tilkynnt um uppsögn Póllands á samningi milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og lýðveldisins Póllands sem gerður var í Genf 10. desember 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 8/1993, þar sem samningurinn er birtur, 25/1993 og 60/1995. Uppsögnin öðlaðist gildi 3. maí 2004 og féll samningurinn þá úr gildi. Um leið féll úr gildi samningur milli Íslands og Póllands um viðskipti með landbúnaðarafurðir sem gerður var með orðsendingaskiptum í Genf 10. desember 1992, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1993, þar sem samningurinn er birtur, 26/1993 og 39/1995.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.